

Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað — en í því tilliti lá sönnunarskyldan á honum — að skjölin sjeu glötuð, og ekki einusinni gjört það sennilegt. Er því engin sönnun fyrir því, að honum sje ómögulegt að skila skjölunum, og er því sú sýknaðstæða hans heldur ekki á neinum rökum byggð.

Samkvæmt áður sögðu ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn. Að því snertir málskostnað fyrir yfirdómi ber að geta þess, að gagnáfrýjandi hafði áfrýjað framan greindum bæjarþingsdómi til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. júlímán. þ. á., er fyrst átti að koma í dóm 1. nov. þ. á.; stefndi áfrýjandi honum þá til staðfestingar 26. júlímán. þ. á.

Að svo lögudum málavöxtum getur gagnáfrýjandi ekki komist hjá að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdóminum í þessu máli skal óraskað. Gagnáfrýjandi, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, á að greiða aðaláfrýjanda, bæjarfógeta E. Th. Jónassen, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 38/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen
gegn

Jóni landshöfðingjaritara
Jónssyni

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 24. júní þ. á., af Kristjáni sýslumanni Jónssyni sem settum dómara, er Jón landshöfðingja-

ritari Jónsson dæmdur til að skila bæjarfógeta E. Th. Jónassen innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins rjettarskjölum þeim, auðkendum Nr. 1 — 6, er hann fjekk lánuð í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 5. febrúarmán. s. á. í sökinni: Chr. Lange gegn Páli Eyjólfssyni, að við lagðri 3 kr. sekt fyrir hvern þann dag, sem hann lætur dragast að fullnægja dóminum; svo er hann og dæmdur til að greiða E. Th. Jónassen bæjarfógeta málskostnað með 10 krónum. Eptir að Jón landshöfðingjaritari Jónsson hafði áfrýjað þessum dómi til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. júlímán. þ. á., en sú stefna átti að falla í rjett 28. febrúarmán. 1881, áfrýjaði Jónassen bæjarfógeti honum til staðfestingar með stefnu, dagsettri 26. júlímán. þ. á., og loks hefur Jón Jónsson gagnáfrýjað opt nefndum dómi með stefnu, dagsettri 19. ágústmán. næst á eptir, og hefur hann krafizt, að verða sýknaður af kærnum og kröfum aðaláfrýjanda í málinu, og að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum allan kostnað af því fyrir undir- og yfirdómi.

Það er sannað undir rekstri málsins og viðurkennt af gagnáfrýjanda, að hann 5. febrúarmán. þ. á. sem talsmaður annars málspartsins í máli, sem þá var fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar, hafi fengið til láns hjá hlutadeigandi dómara, sem er aðaláfrýjandi þessa máls, skjöl þau, sem málið er útaf risið, og ekki skilað þeim aptur. Yfirdómurinn verður því að vera á sama máli og hjeradsdómarinn um það, að sú sýknarástæða gagnáfrýjanda sje ekki á rökum byggð, að hvorki sje hann rjettilega hafður fyrir sök, nje heldur sje aðaláfrýjandi rjettur sóknaraðili. Í annan stað hefur gagnáfrýjandi krafizt sýknar af þeirri ástæðu, að aðaláfrýjandi hafi ekki sannað, að hin um þráttuðu skjöl sjeu enn til, eða að hann (gagnáfrýjandi) hafi

þau undir höndum, enda sje sjer ómögulegt að skila þeim, því búið sje að farga þeim fyrir löngu; en, eins og áður er sagt, er það viðurkennt, að gagnáfrýjandinn hafi fengið skjölin að láni hjá aðaláfrýjanda, og þessvegna bar honum skylda til að gæta þeirra, og skila þeim aptur, þegar þeirra var krafizt. Það er því ekki aðaláfrýjanda að sanna, að skjölin sjeu enn til eða í vörzlum gagnáfrýjanda, heldur er það gagnáfrýjandans að sanna, að skjölin sjeu ekki lengur til, eða að honum af öðrum orsökum sje ómögulegt að skila þeim, en með því að gagnáfrýjandi ekki hefur sannað þetta, og ekki einusinni leitt nein sennileg rök að því, þá verður þessi sýknaústæða hans heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, ber að staðfesta hjeradsrjettardóminn, og eptir þeim úrslitum málsins ber gagnáfrýjandanum að endurgjalda aðaláfrýjanda samkvæmt kröfu hans málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsrjettardómur á óraskaður að standa. Gagnáfrýjanda, Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, ber að greiða aðaláfrýjanda, E. Th. Jónassen bæjarfógeta, málskostnað fyrir yfirdómi með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 39/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen
 gegn
 landshöfðingjaritara Jóni
 Jónssyni